

1. fundur

17. mars 2017
1703036SA IRÓ
Málalykill: 16.10

Fundargerð samráðsnefndar BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fyrsti fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 17. mars 2017. Fundurinn var haldinn að Grettisgötu 89 í Reykjavík og hófst kl. 9:30.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson, Ásbjörn Sigurðsson, Karl Rúnar Þórsson og Garðar Hilmarsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Valsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Stofnun samráðsnefndar aðila

Á sameiginlegum landsfundi bæjarstarfsmannafélaganna haldinn í október 2016 var eftirfarandi bókun samþykkt:

„Skipuð verði sameiginleg samstarfsnefnd bæjarstarfsmanna-félaganna vegna stórra, sameiginlegra mála sem snúa að samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga sem og eftirfylgni kjarasamninga. Nefndin verði skipuð þremur aðalmönnum auk varamanna og áheyrnarfulltrúa.

Samninganefnd bæjarstarfsmannafélaga er falið að vinna að framgangi ofangreindra samþykktu og koma með tillögur um næstu skref.“

Fyrir hönd samninganefndar bæjarstarfsmannafélaganna óskaði Arna Jakobína Björnsdóttir eftir fundi með fulltrúum sambandsins til að ræða þessa samþykkt og hvort og þá hvernig þetta form á samskiptum aðila gæti gengið upp.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga tóku erindinu vel og rætt var um fyrirkomulag á vinnu nefndarinnar, verkefni og umboð hennar. Aðilar voru sammála um að samráðsnefndin yrði viðbót við samstarfsnefndir aðila sem starfa áfram í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Vettvangur samráðsnefndarinnar verður fyrst og fremst að einfalda samskipti og auka samlegð við úrlausn stórra, sameiginlegra og fordæmisgefandi mála sem snúa að samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga sem og eftirfylgni kjarasamninga s.s. að:

- vinna úr sameiginlegum bókunum með kjarasamningum aðila.
- samræma túlkanir kjarasamninga.
- fara sameiginlega yfir launaupplýsingar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið